

Föstudaginn 19. júlí 1985.

Nr. 171/1985. **Grétar Sveinsson og
Kolbrún Jónsdóttir**
gegn
Sædýrasafninu, Hvaleyri

Kærumál. Greiðslustöðvun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðilar hafa samkvæmt heimild í 1. mgr. 10. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kærum 27. júní 1985, sem bárust Hæstarétti 10. þ.m. Krefjast þeir þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Sóknaraðilinn Grétar Sveinsson gerir þá varakröfu, að greiðslustöðvunarfresturinn verði stytur verulega. Báðir sóknaraðilar krefjast kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Mörg ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Meðal þeirra er telexskeyti, sem varnaraðili sendi 25. f.m. aðilja þeim í Japan, sem hann hefur staðið í samningaumleitunum við um sölu á háhyrningum og um getur í hinum kærða úrskurði. Segir þar m.a. í íslenskri þýðingu: „En eins og áður er tekið fram, getum við geymt hvalina í lauginni á Íslandi fram til næstkomandi októbermánaðar. En það er mjög mikilvægt fyrir okkur að samningur verði gerður eins fljótt og unnt er. Það væri okkur mjög kærkomið ef þér gætuð látið okkur í té tímaáætlun og upplýsingar um það, hvort skjólstæðingur yðar hefur hug á að kaupa alla fjóra háhyrningana.“ Þá hefur verið lagt fram telexskeyti frá framangreindum aðilja til varnaraðilja, dagsett 17. þ.m. Segir þar m.a. svo: „rest assured steps are taken to import which however will take some more time will let u know our visit to investigate specimens as soon as movements here boiled down ourselves assume no changes in contents your last tlx recvd here june 27 tlx if any“. Meðal hinna nýju gagna er einnig bréf formanns stjórnar varnaraðilja til lögmanns hans 5. júní 1985, þar

sem sagt er frá því, að þingmenn Reykjaneskjördæmis hafi tilnefnt mann í undirbúningsnefnd þá, sem ákveðið var að setja á laggirnar á fundinum 19. júní sl. og um getur í hinum kærða úrskurði. Nefnd þessi muni taka til starfa í byrjun næsta mánaðar.

Samkvæmt efnahagsreikningi varnaraðilja 31. desember 1984, sem saminn er af löggiltum endurskoðanda, nam bókfært verð heildareigna varnaraðilja 36.999.929,00 krónum, en heildarskuldir námu 22.682.531,00 krónu. Samkvæmt yfirliti sama endurskoðanda 22. apríl 1985 námu heildareignir varnaraðilja 20. sama mánaðar 36.821.481,00 krónu, en skuldir alls 25.084.831,00 krónu.

Eins og greint er í hinum kærða úrskurði, standa nú yfir samningaumleitaniir milli varnaraðilja og japansks fyrirtækis um sölu á háhyrningum. Samkvæmt gögnum máls eru nokkrar horfur á, að samningar takist um söluna, en það getur tekið nokkurn tíma. Úrslit samningaumleitana þessara kunna að ráða úrslitum um, hvort varnaraðilja tekst að greiða skuldir sínar. Þá kemur og fram af gögnum málsins, að unnið er að því eftir fleiri leiðum af hálfu stjórnar varnaraðilja að leysa fjárhagsvanda hans. Af þessum ástæðum og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar þykir rétt að taka til greina beiðni varnaraðila um framlengingu á greiðslustöðvunarfresti í allt að þrjá mánuði frá 22. júní sl. að telja, sbr. 2. mgr. 12. gr. gjaldþrotalaga. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Hafnarfjarðar 21. júní 1985.

Með úrskurði, uppkveðnum 22. apríl sl., var skuldara, beiðanda í máli þessu, heimiluð greiðslustöðvun í allt að 2 mánuði samkvæmt II. kafla gjaldþrotalaga nr. 6 frá 1978 með þeim réttindum og skyldum, sem henni fylgir. Aðstoðarmaður skuldara samkvæmt 7. gr. nefndra laga er Hrafnkell Ásgeirsson hæstaréttarlögmaður.

Í fyrri beiðni skuldara þann 22. apríl sl. sagði m.a.: „Safnið var lokað í rúm 2 ár frá því í ársbyrjun 1981 og þar til byrjunar vetrar 1983. Sá

tími var mjög erfiður fjárhagslega fyrir safnið. Miklar framkvæmdir áttu sér stað á svæðinu fyrir opnun safnsins á árinu 1983. Voru þær sérstaklega kostnaðarsamar. Reiknuðu forráðamenn safnsins með því, að hægt yrði að útvega fjárfestingarlán til lengri tíma til þess að fjármagna þær framkvæmdir. Það hefur ekki tekist og er sá kostnaður á skammtíma skuldum, sem margar hverjar eru í vanskilum.

Veiðar og sala á háhyrningum hefur verið hliðarbúskapur hjá safninu, sem í gegnum tíðina hefur gefið því umtalsverðar tekjur til stuðnings rekstrinum.

Um mánaðamótin nóvember/desember höfðu verið veiddir 4 háhyrningar, sem eru í laug safnsins. Ekki hefur tekist að selja þá enn, en samningaumleitarnir við Kamogawa-Sea-World í Tokyo í Japan eru vel á veg komnar. Er þar rætt um verð á hverjum hval \$ 125.000. Það mun skýrast á næstu vikum, hvort samningar takist og hvenær greiðslur fyrir dýrin greiðist.

Sædýrasafnið var í viðskiptum við bandarískan aðila International Animal Exchange í sambandi við háhyrninga. Leiddu deilur á milli aðilanna til þess, að þær fóru fyrir gerðardóm. Gerðardómurinn, sem rekinn var í London, úrskurðaði Sædýrasafnið til greiðslu á \$ 152.500.

Meðal annars vegna þessara 3ja samverkandi ástæðna

- a) að ekki tókst að útvega safninu fjárfestingarlán til lengri tíma
- b) að ekki hefur tekist að selja háhyrninga safnsins
- c) tapað gerðardómsmál í London, sem m.a. kom í veg fyrir að safnið fengi greidda \$ 60.000 vegna fyrri háhyrningasölu, sem var útistandandi

er greiðslustaða safnsins mjög erfið.

Ákveðin hefur verið önnur og síðasta nauðungarsala á fasteign safnsins, kl. 17:00 í dag. Ekki hefur tekist að semja við uppboðsbeiðendur um frest á uppboði.

Fram eru lagðir hér í málinu reikningar Sædýrasafnsins pr. 31. desember 1984 svo og yfirlit yfir eignir og skuldir pr. 20. apríl 1985. Reikningar þessir og yfirlit eru samin af Símoni Hallssyni, löggiltum endurskoðanda.

Skv. reikningum pr. 31. desember 1984 er hrein eign safnsins kr. 14.317.398, en þá eru hvalir aðeins metnir á kr. 4.957.956. Takist að selja hvalina er markaðsverð þeirra frá \$ 340.000 til \$ 500.000, eða Ísl. kr. 13.957.000 til kr. 20.525.000. Skv. reikningunum eru fasteignir safnsins metnar á kr. 33.153.974,- en hæsta tilboð á fyrra uppboði nam kr. 3.000.000,-.

Ljóst er skv. mínu mati, að fari uppboðið fram, muni fasteignin fara á lágu verði og muni þá gjaldþrot fylgja á eftir. Fáist hins vegar umþóttunartími, muni að öllum líkindum takast að koma nýrri skipan á fjármál Sædýrasafnsins og takist þá að selja hvalina, jafnvel fasteignir og afgangur

verði, þegar upp er staðið. Æskilegt er að halda safninu opnu meðan greiðslustöðvun varir. Bestu mánuðir ársins fara nú í hönd og ætti innkoma frá aðgangseyri að geta staðið undir daglegum rekstri.

Mér sýnist því ljóst vera, að Sædýrasafnið eigi vel fyrir skuldum, svo framarlega að tími fáiist til þess að vinna í samræmi við framangreindan tilgang.

Því er nauðsynlegt á þessu stigi að stöðva aðför og uppboðsmeðferð hjá safninu.“

Þá mættu í réttinum Hörður Zóphaniasson, formaður stjórnar félagsins, Tjarnarbraut 13, Hafnarfirði, og Jón Kr. Gunnarsson, framkvæmdastjóri félagsins, Sævangi 23, Hafnarfirði.

Fram kom, að samþykkt hafði verið á stjórnarfundi í félaginu daginn áður, eða þann 21. apríl sl. að bera fram beiðni um greiðslustöðvun. Einnig kom fram, að öll afkoma félagsins væri undir því komin, að sala tækist á þeim hvöllum, sem félagið á nú. Tækist að selja 3 þeirra, eins og allt stefndi í, gæti það þýtt yfir kr. 15.000.000 í tekjur og að sjálfsögðu meira, tækist að selja alla 4. Þá kom fram, að fiskiræktaraðiljar hefðu sýnt áhuga á kaupum þess húsnæðis, sem hvalirnir eru geymdir í.

Einnig tóku þeir fram, að störf stjórnar miðuðust að því, að félagið yrði lagt niður og því slitið síðar á árinu með sölu eigna og greiðslum til kröfuhafa, en lán og aðrar skuldir væru að mestu leyti í vanskilum. Kröfuhafar gengju nú það hart að félaginu og því nauðsynlegt að fá greiðslustöðvun og starfsfrið til að ná framangreindum markmiðum.

Auk framangreindarar beiðni var á þessu stigi lagður fram efnahags- og rekstursreikningur félagsins pr. 31. desember 1984 ásamt skýringum og skulda- og eignalisti pr. 20.4. 1985, hvor tveggja unninn af íslenskri endurskoðun h.f. Þá voru lagðar fram samþykktir félagsins, veðbókarvottorð og bréf og telexskeyti yfir tímabilið frá 14. mars til 12. apríl sl. varðandi samningatilraunir við japanskan aðilja um kaup á hvöllum af greiðslustöðvunarbeiðanda.

Í forsendum réttarins í úrskurðinum frá 22. apríl sl. sagði m.a.: „Samkvæmt þeim gögnum og upplýsingum sem fram hafa komið verður að telja sennilegt, að skuldara sé mögulegt að leysa úr greiðsluerfiðleikum sínum takist sala þeirra hvala, sem skuldari á, með þeim kjörum, sem fram koma í gögnum málsins. Sýnist málið standa þannig, að skuldara sé rétt að fá hæfilegan tíma til þess að ljúka samningum við hugsanlega kaupendur.

Samkvæmt gögnum málsins sýnist skuldari eiga eignir umfram skuldir.

Til þess að leita samninga og freista þess að koma nýrri skipan á fjármál félagsins með aðstoð lögmánnisins þarf félagið vissulega nokkurn tíma og verður ekki talið ósanngjarnt að skuldari fái tækifæri til þess.

Með vísan til framanritaðs og tilgangs ákvæðanna um greiðslustöðvun

að öðru leyti, verður skuldara því heimiluð greiðslustöðvun í 2 mánuði samkvæmt II. kafla gjaldþrotalaga nr. 6/1978, með þeim réttindum og skyldum sem henni fylgir, m.a. um samráð við nefndan lögmann um ráðstafanir sem falla undir 8. gr. nefndra laga.“

Í gær afhenti lögmaðurinn réttinum beiðni um framlengingu greiðslustöðvunar skuldara. Í beiðni lögmannsins segir:

„Svo sem fram kemur hér að ofan var hinn 22. apríl 1985 úrskurðuð greiðslustöðvun hjá Sædýrasafninu í 2 mánuði frá 22. apríl 1985 að telja.

Unnið hefur verið allan tímann að því að fá lausn á fjárhagserfiðleikum safnsins. Skipti ég því starfi á 4 neðanskráða flokka:

1. Sala háhyrninga.
2. Viðræður við sveitarfélög um fjárhagslegan stuðning til þess að rétta safnið af.
3. Sala á eignum safnsins.
4. Stofnun áhugamannafélags um rekstur safnsins.

Skal hér vikið að hverjum þætti fyrir sig.

Ad.1.

Svo sem fram kom í beiðni minni hinn 22. apríl 1985 hefur safnið átt í samningaviðræðum við Kamogawa Sea World í Japan um sölu á háhyrningum.

Samningaviðræður þessar hafa tekið miklu lengri tíma heldur en búist var við í fyrstu. Það er samdóma álit þeirra aðila, sem ég hefi rætt við, sem átt hafa viðskipti við Japani, að þeir Japanir taki sér miklu lengri tíma í samninga heldur en við eigum að venjast.

Frá 22. apríl 1985 höfum við sent þeim 5 telex og fengið frá þeim 2 telex, annað 24. maí 1985 og hitt 19. júní 1985.

Við lestur á telexi frá 19. júní sl. er ljóst, að Japanirnir eru að vinna að gerð samninganna. Þeir benda á, að Kamogawa sé meðlimur í Mitsui fyrirtækinu, einu af stærstu fyrirtækjum Japan og ákvörðun um kaupin séu tekin af stjórn þess.

Þeir hafa engar athugasemdir gert við verð eða greiðsluskilmála, þannig að verið er að vinna að sölu á dýrunum fyrir \$ 500.000,-.

Ljóst er skv. reynslu í þessu máli, að það veitir ekki af 3 mánuðum við að reyna að koma máli þessu í höfn.

Þá vil ég geta þess, að ég hefi verið í sambandi við Helga Ágústsson, sendiráðsritara í Washington í Bandaríkjunum, varðandi innflutning á háhyrningum til Bandaríkjanna.

Fleiri möguleikar hafa verið kannaðir.

Ad.2.

Ýmis sveitarfélög í Reykjaneskjördæmi hafa sýnt áhuga á því að Sædýrasafnið haldi áfram starfsemi sinni.

19. júní 1985 var haldinn fundur með bæjarstjórunum í Keflavík, Steinþóri Júlíussyni, í Grindavík, Jóni Gunnari Stefánssyni, og í Garðabæ, Jóni Gauta Jónssyni, ásamt hluta af stjórn Sædýrasafnsins og lögmanni þess.

Auk þess höfðu bæjarstjórar í Njarðvík, Hafnarfirði, Kópavogi og Sel-tjarnarnesi verið boðaðir. Þeir voru allir uppteknir en lýstu engu að síður áhuga á málinu.

Á fundinum var eftirfarandi bókað:

„Mikill áhugi kom fram um að safn sem Sædýrasafnið væri starfrækt á svæðinu.

Talað var um nauðsyn þess, að stjórn Sædýrasafnsins, fulltrúar frá sveitarfélögnum og alþingismenn kjördæmisins kæmu saman til fundar og athuguðu möguleika til þess að áhugaaðilar, sveitarfélög og ríki tækju saman höndum að tryggja slíkan rekstur.

Ákveðið var að fela undirbúningsnefnd að undirbúa og boða til slíks fundar. Fundurinn tilnefndi í nefndina þá Jón Gauta Jónsson bæjarstjóra í Garðabæ og Hörð Zóphaniasson formann Sædýrasafnsins.

Jafnframt var ákveðið að óska eftir því við alþingismenn kjördæmisins að þeir tilnefni mann í nefndina úr sínum hópi.“

Ad.3.

Kannaðir hafa verið möguleikar á sölu eigna safnsins annaðhvort til áframhaldandi reksturs dýragarðs eða til fiskeldis. Hefi ég auglýst einu sinni eignirnar til sölu í Morgunblaðinu til þess að kanna undirtektir.

Rætt hefur verið við eftirtalda aðila, en viðræðum við þá er enn ekki lokið:

Sigurð Guðbjartsson, Garðabæ o.fl.

Byggingavörðslun Kópavogs h.f.

Ögurvíkurbræður, eigendur togaranna Ögra og Vigra í Reykjavík.

Finnboga Kjeld, skipaeiganda, og stærsta hluthafann í Pólarlax.

Jafnframt hefur verið undirbúin koma norskra fiskeldismanna til að skoða aðstæðurnar í Sædýrasafninu.

Ólafur Erlingsson, verkfræðingur, og Sigurður St. Helgason, fiskilíf-fræðingur, hafa unnið við úttekt á svæðinu með tilliti til fiskeldis.

Ad.4.

Fyrirverandi og núverandi starfsmenn Sædýrasafnsins hafa mikinn áhuga á stofnun áhugamannafélags til þess að taka við rekstri Sædýrasafnsins.

Mál þessi eru komin af stað, en árangur hefur ekki komið í ljós.

Svo sem fram kemur hér að ofan er unnið samtímis að öllum ofangreindum lausnum. Þeir aðilar sem nefndir eru undir 3 vita að höfuðáherslan er lögð á að reyna að halda Sæðýrasafninu áfram.

Mál þessi eru það viðamikil, að ég tel nauðsynlegt að veita greiðslustöðvun í 3 mánuði til viðbótar.

Aðstoðarmaður skv. 7. gr. laga nr. 6/1978 verði sá sami og áður.“

Skuldari hefur lagt fram fundargerð þess fundar, sem greinir undir tölu-lið 2. Jafnframt hefur hann lagt fram nefnd telexskeyti ásamt íslenskri þýðingu.

Skeyti, sem Jón K. Gunnarsson, framkvæmdastjóri skuldara, hefur sent, eru svohljóðandi:

„Ég vísa til tveggja síðustu telexskeyta minna.

Mjög áriðandi er að fá svör við skeytum þessum eins fljótt og hægt er þar sem ég verð að gera tímaáætlun. Einnig hef ég fengið frekari fyrirspurnir um háhyrninga.“

Skeyti sent 14.5. 1985:

„Við höfum verið að furða okkur á af hverju við höfum ekki fengið svör við síðustu telexskeytum okkar til hr. Aritake varðandi háhyrninga.

Mögulegt er að skeyti okkar hafi ekki borist til Mr. Aritake. Gætuð þér gert svo vel að komast til botns í því.“

Telex sent 14.5 1985:

„Við höfum verið að biða eftir svari frá yður við telexskeytum okkar.

Okkur ber nauðsyn til að fá að vita núna hvort þér ætlið yður enn að kaupa háhyrninga.

Okkur skildist á síðasta telexi yðar að þér ætluðuð yður að ganga frá samningi fyrir júnímánuð, þ.e. í þessum mánuði.

Nú er kominn miður maímánuður og því ber alger nauðsyn til að fá að vita um áhuga yðar í þessu efni. Aðrir mögulegir viðskiptavinir hafa og haft samband við okkur.

Nauðsynlegt er að ganga frá samningi í maí jafnvel þótt afgreiðsla fari ekki fram fyrir en í haust.

Því yrði svar með telexi á morgun vel þegið.“

Skeyti sent 20.5. 1985:

„Vinsamlegast staðfestið með símskeyti að þér hafið fengið telexskeyti okkar. Við bíðum enn svars.“

Telex sent 30.5. 1985:

„Við höfum mótttekið telex yðar frá 24.5. 85.

Eins og þér vitið eru fjórir háhyrningar í lauginni hjá okkur eins og er. Aðrir mögulegir viðskiptavinir hafa haft samband við okkur varðandi þessa háhyrninga.

Þeir vita að við munum mjög sennilega ekki veiða fleiri háhyrninga í

ár. Háhyrningarnir sem eru í lauginni kunna því að verða þeir síðustu.

Við getum hýst háhyrninga fram í október n.k.

Það er mjög áriðandi að ganga frá samningi fyrir 14. júní.

Vinsamlegast svarið sem allra fyrst.“

Svarskeyti frá Japan eru svohljóðandi:

Telex 29.4. 1985:

„Við þökkum telexskeyti ykkar frá því núna í maí um háhyrninga. Tafir hafa orðið á svörum frá okkur og afsökum við mikillega þau óþægindi sem þér hafið orðið fyrir.

Aðilar sem fást við dýr hér eiga mjög annríkt þegar líða tekur á marsmánuð og alveg til maíloka þar sem á þessum tíma er verið að flytja inn ýmis dýr daglega. Þar að auki höfum við hvað eftir annað orðið að fara til útlanda í viðskiptaerindum.

Dr. Tobayama frá Kamogawa Sea World á líka mjög annríkt á þessum erilsama árstíma og hefur það orðið til þess að við höfum ekki getað hist og bíðum við enn eftir að fá að vita um ákvörðun af hálfu Kamogawa um mál þetta.

Við búumst samt við að koma á fundi með dr. Tobayama í júní þegar viðkomandi aðilar munu gera allt sem í þeirra valdi stendur til að komast að jákvæðri niðurstöðu.

Við vonumst til að þér skiljið knýjandi kringumstæður okkar og að þér gefið okkur dálítinn viðbótarfrest.“

Telex 19.6. 1985:

„Dr. Tobayama frá Kamogawa Sea World hefur beðið okkur um að senda yður telex til þess að koma í veg fyrir allan misskilning vegna enskukunnáttu hans (Dr. Tobayamas).

Okkur þykir leitt að dr. Tobayama var ekki við þegar þér hringduð. Við þökkum samt fyrir símtalið um háhyrningana.

Til upplýsinga fyrir yður viljum við geta þess að hann (dr. Tobayama) á mjög annríkt sem yfirmaður sjávarspendýra í dýrasöfnum í Japan. Ný og ný mál verða til þess að hann verður oft að vera fjarverandi frá skrifstofu sinni.

Sjálfur hefur Kamagawa verið virkur við hvalaveiðar, hann er aðili að Mitsui fyrirtækjasamsteypunni — einni af völdugustu fyrirtækjasamsteypum Japans — en ákvarðanir um kaup verða að fara fyrir stjórnarfund í stórrí fjölskyldu og fylgir því margra klukkustunda hörkuvinna og erfiði.

Þar að auki eru hvalir mjög dýr dýrategund á markaðnum. Sjálfur hefur hann orðið fyrir því fram að þessu að missa þrjú dýr. Erum við þess fullvissir að hann leggi sig allan fram til að afla fjárveitinga eins og minnst er á hér að framan. Með tilliti til alls þessa vonumst við einlæglega til þess að þér veitið honum nægan tíma til að taka ákvörðun.

Okkur skilst að samningurinn um háhyrningana renni út 14. júní. Samning þennan ætti að endurnýja ef mögulegt er og gera dr. Tobavama þar með kleift að flytja inn háhyrninga á þessu ári. Að öðrum kosti er ekki um annað að ræða en að hefja samningaviðræður að nýju um innflutning á hvölum á næsta ári.

Við vonumst til að þér skiljið allar aðstæður hér og væntum þess að fá jákvætt svar.“

Álit réttarins.

Með sama hætti og við fyrri úrskurð verður að telja skuldara uppfylla skilyrði 7. gr. gjaldþrotalaga fyrir heimild til greiðslustöðvunar. Eigi verður annað séð en eignir hans séu umfram skuldir, en fjárþröng mikil. Samkvæmt þeim gögnum og upplýsingum, sem að framan greinir, þykja eigi efni til annars en ætla, að skuldari sé að gera heiðarlega tilraun til þess að greiða úr fjárhagserfiðleikum sínum með hagsmuni kröfuhafa almennt í huga. Verður eftir atvikum öllum talið sennilegt, að skuldari geti með þeim ráðagerðum, sem hann hefur gripið til, náð samningum og afstýrt þannig gjaldþrotaskiptameðferð, sem ella virðist óumflýjanleg, sbr. a) liður 13. gr., sbr. 14. gr. gjaldþrotalaga.

Komið hefur í ljós, að sá tími, sem skuldara var veitt heimild til greiðslustöðvunar, hefur reynst honum allt of skammur í viðleitni sinni til að ná árangri. Þeir hagsmunir, sem í húfi eru, virðast svo miklir og samningaumleitanir svo umfangsmiklar og flóknar, að framlengja beri heimild skuldara til greiðslustöðvunar og skapa honum með því réttarúrræði frið fyrir kröfuhöfum til þess að ná þeim markmiðum, sem hann stefnir að í raunhæf áætlun sinni.

Hinn almenni greiðslustöðvunarfrestur er 3 mánuðir. Frestur í aðeins 1 mánuð til viðbótar nú þykir ekki þjóna skynsamlegum tilgangi. Samkvæmt framangreindu er það álit réttarins, að í máli þessu standi þannig sérstaklega á, að rétt sé að veita skuldara strax heimild til greiðslustöðvunar í alls 5 mánuði frá 22. apríl 1985, sbr. 2. mgr. 12. gr. gjaldþrotalaga, enda stuðli skuldari og lögmaður sá, sem honum er til aðstoðar, eftir mætti að því, að greiðslustöðvunin leiði til sanngjarnrar niðurstöðu, sbr. niðurlagsákvæði 2. mgr. 10. gr. sömu laga.

Hlöðver Kjartansson, aðalfulltrúi bæjarfógeta, kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Sædýrasafninu, Hvaleyri, nnr. 8805-2587, Hafnarfirði, er heimiluð áframhaldandi greiðslustöðvun í allt að þrjá mánuði frá og með 22. júní 1985 samkvæmt II. kafla, sbr. 2. tl. 12. gr. gjaldþrotalaga nr. 6 frá 1978.